

## *Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.*

### **FUNDARGERÐ**

173. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, föstudaginn 20. nóvember 2015 kl. 10:00.

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Ómar Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson og Guðmundur Einarsson.


Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Guðmundur Einarsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Gjaldskrá Sorphirðu- og sorpeyðingar í Rangárvallasýslu 2016 lögð fram og samþykkt.
2. Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 2016 lögð fram og samþykkt.
3. Framlög sveitarfélaga til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 2016 vegna rekstrar og framkvæmda. Fjárfestingaframlag verður kr. 15.000.000 og rekstrarframlag verður kr. 20.800.000. Lagt fram og samþykkt.
4. Tillaga að starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Strönd með athugasemdum sem sendar voru Umhverfisstofnun. Lagt fram til kynningar.
5. Ábyrgðarúttekt á Umhleðslustöðinni á Strönd 30.10.2015. Lagt fram til kynningar.
6. Minnisblað Mannvits dags. 30.10.15 vegna eftirlits með sig- og yfirborðsvatni í nágrenni sorpurðunarsvæðisins á Strönd í september 2015. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 10,35



Handwritten signatures in blue ink, including names like Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Ómar Sigurðsson, Ágúst Sigurðsson, and Guðmundur Einarsson.